

**Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 8. október 2019:**

Í ljósi ítrekaðs þjónustubrests vegna skólaaksturs í Grafarvogi er lagt til að farið verði yfir öll þau tilvik þar sem um þjónustubrest er að ræða. Þá er lagt til að skerpt verði á því að upplýsingar til foreldra berist eins fljótt og auðið er þegar skólabílnum seinkar eða um þjónustubrest er að ræða. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að ræða við fyrirtækið sem sér um aksturinn til að gera athugasemdir, fara fram á úrbætur og tryggja að hægt verði að reida sig á þjónustuna framvegis. Þá er brýnt að til staðar sé viðbragðsáætlun sem virkjast ef skólaakstur bregst einhverra hluta vegna.